Helgunarsvæði jarðstrengja

Helgunarsvæði jarðstrengja

Helgunarsvæði jarðstrengja skiptist í tvennt; öryggissvæði og athafnasvæði

Öryggissvæði:

Svæði næst jarðstreng til beggja átta, mismunandi breitt eftir spennustigi strengsins og fjölda strengsetta, sjá viðmiðunarbreidd öryggissvæða í töflu 1.

Athafnasvæði:

Svæði, sem gera má ráð fyrir að verði fyrir röskun á framkvæmdatíma við lagningu strengs og í bilanatilvikum. Athafnasvæðið er jafn breitt svæði sitt hvorum megin við öryggissvæðið. Viðmiðunarbreidd athafnasvæðis er sýnt í töflu 1.

Aðkomuleiðir að og frá verkstað eru ákvarðaðar í samráði við landeiganda.



Skýringarmynd. Skipting helgunarsvæðis í öryggis og athafnasvæði. Á efsta sniðinu er eitt 66 kV strengsett í þríhyrningsuppröðun. Sniðið í miðið gildir fyrir bæði 132 og 220 kV strengi með flatri uppröðun og neðsta sniðið er fyrir tvö 220 kV strengsett í flatri uppröðun, með vinnuslóð milli strengskurða. Slík snið eiga t.d. við 220 kV strengi í meginflutningskerfi Landsnets.

Spenna (kV)	Öryggissvæði (m)	Athafnasvæði (m)	Helgunarsvæði (m)
66	3	3,5	10
132	4	3,5	11
220	4	3,5	11
2 x 220	4+4	3+6+3	20

Tafla 1: Viðmiðunartölur um breidd helgunarsvæða

Takmarkanir

Öryggissvæði:

Byggingarbann gildir.

Öll röskun er óheimil að frátöldum efstu 30 cm á ræktuðu landbúnaðarlandi.

Hafa þarf samráð við Landsnet um lagningu hvers kyns lagna- eða vegslóða sem þvera strengleið.

Plöntun hvers kyns trjágróðurs er óheimil.

Rætur trjágróðurs mega ekki ná inn á svæðið.

Niðurrekstur girðingastaura er óheimill innan svæðis.

Athafnasvæði:

Byggingarbann gildir.

Öll röskun lands að frátöldum efstu 30 cm á ræktuðu landbúnaðarlandi þarf að vera í samráði við Landsnet.

Þar sem girðingar þvera strengleiðina, eru girðingastaurar heimilir innan athafnasvæðisins í samráði við Landsnet.

Plöntun trjáplantna með djúpstæðar og/eða ágengar rætur er óheimil, t.d. aspir, greni, lerki og furur.

Aðgengi til viðgerða á strengnum þarf að vera tryggt en umferð tækja til viðgerða í bilanatilfellum er í samráði við landeigenda.

Viðurlög og ábyrgð:

Ábyrgð landeiganda og annarra framkvæmdaraðila:

Ábyrgð landeigenda takmarkast við tjón af völdum ásetnings eða stórkostlegs gáleysis, t.d. að ofangreindar takmarkanir séu ekki virtar.

Áformi landeigandi að reisa girðingu eða reka niður girðingarstaura innan athafnasvæðis jarðstrengs þá skal það gert í samráði við Landsnet.

Landeigandi ber ekki ábyrgð á hugsanlegu jarðraski af hálfu annarra rétthafa framkvæmda, t.d. vegagerðar.

Um meðferð strengsins gilda þær kvaðir og höft sem leiða af lögum og reglum um háspennujarðstrengi.

Ábyrgð strengeiganda:

Landsnet sér um að þinglýsa kvöð vegna jarðstrengsins á viðkomandi jörð.

Landsnet ber ábyrgð á því að innmæla legu strengs með GPS og skal mælingin vera tiltæk landeiganda ef eftir er leitað. Ef landeigandi óskar skal lega strengs auðkennd með hælum sem reknir eru niður á strengleið með tilteknu millibili.